

35. fundur sveitarstjórnar Fljótisdalshrepps 06.12 2016, Végarði kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson. Einnig var mættur Bjarki Jónsson til umræðu undir fyrsta lið fundar.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Skógarafurðir ehf

2. Gistihús við Végarð

3. Óbyggðasetur

4. Landsvirkjun

5. Búnaðarfélag Fljótisdalshrepps

6. Fjallaskarð

7. Fjárhagsleg málefni

8. Fjárhagsáætlun Fljótisdalshrepps 2017 og 2018-2020 , síðari umræða

9. Bréf

- a) Velferðarráðuneytið , dags. 14.11 2016, drög að leiðbeinandi reglum um sérstakan húsnæðisstuðning
- b) Mannvirkjastofnun dags. 07.11 2016
- c) Forsætisráðuneytið dags. 03.11 2016

10. Umhverfisstyrkir

- a) Jón Þór Þorvarðarson, Glúmsstöðum 1
- b) Gunnar Jónsson, Egilsstöðum
- c) Guðmundur Pétursson , Bessastaðagerði
- d) Hörður Guðmundsson, Víðivöllum ytri 1
- e) Anna Bryndís og Hallgrímur , Skriðuklaustri.

11. Fjárbeiðnir

- a) N4-Að austan
- b) Jólasjóðurinn 2016

12. Fundargerðir

- a) Ársalir 10.11 2016
- b) Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 03.11 2016
- c) Stjórn Skólaskrifstofu Austurlands 04.11 2016

- d) Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands 04.11 2016, ásamt ársskýrslu 2015-2016
- e) Svæðisskipulagsnefnd SSA 08.11 2016
- f) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 07.11 2016
- g) Aðalfundur HAUST 02.11 2016
- h) Félagsmálanefnd 16.11 2016

13. Skýrsla oddvita

14. Önnur mál

1. Skógarafurðir ehf.

Til umræðu voru málefni tengd rekstri úrvinnslustöðvarinnar, sem er á sínu fyrsta ári í rekstri . Síðastliðið sumar varð tjón á aðalsög, vegna óstöðugs rafmagns og framleiðslustopp varð í talsverðan tíma meðan viðgerð fór fram á tækjum og verkefni glötuðust einnig af þessum sökum. Eigendur meta tjónið á að lámarki um 3 millj. kr, ekki er endanlega komið í ljós hvort sögin hafi laskast meir en talið var í fyrstu. Hár orkukostnaður við reksturinn og að ekki sé tryggð næg og stöðug flutningsgeta rafmagns veldur eigendum fyrirtækisins áhyggjum og leita þeir leiða til úrbóta. Næg og fjölbreytt verkefni eru fyrirleggjandi og nýr starfsmaður að hefja störf í mánuðinum. Bjarki óskaði eftir að sveitarfélagið kæmi til aðstoðar við fyrirtækið vegna áðurnefnds tjóns , þar sem það fæst ekki bætt hvorki hjá tryggingarfélagi fyrirtækisins eða Rarik , sem sér um flutning á rafmagni og erfitt væri að lenda í slíku áfalli á fyrstu rekstrarmánuðum úrvinnslustöðvarinnar.

Bjarki yfirgaf fundinn kl. 14.45

Sveitarstjórn telur úrvinnslustöðin hafi sannað tilverurétt sinn og starfrækslu í Fljótsdalshreppi og samþykkir að vegna tjónsins verði Skógarafurðum veittur styrkur að upphæð kr. 2.000.000,- Styrkgreiðslunni verði mætt með með lækkun eigin fjár og gerður viðauki við fjárhagsáætlun 2016.

2. Gistihús við Végarð.

Gunnþórunn lýsti yfir vanhæfni vegna tengsla og fól Lárusi fundarstjórn þessa liðar og vék svo af fundi.

Samningar hafa náðst um framlengingu á samningi við núverandi leigjendur gistihúsa við Végarð til 2ja ára. Eftir þann tíma verða gistihúsin auglýst aftur til leigu. Lárusi falið að undirrita fyrirleggjandi samning

Gunnþórunn kom aftur til fundar og tók við fundarstjórn.

3. Óbyggðasetur.

Kynnt drög að endurnýjun á þjónustusamningi til tveggja ára. Oddvita falið að ganga frá samningi fyrir hönd sveitarfélagsins.

Georg Pálsson stöðvarstjóri Fljótsdalsstöðvar, Sindri Óskarsson og Árni Óðinsson starfsmenn Lv, mættu kl 15.00

4. Landsvirkjun.

Fulltrúar Landsvirkjunar voru mættir á árlegan samráðsfund . Í upphafi fundar kynnti Georg Sindra sem nýjan stöðvarstjóra Fljótsdalsstöðvar , en Georg lætur af því starfi um áramót. Georg og Árni fóru í máli og myndum yfir ýmis mál sem unnið hefur verið að á árinu og ræddu stuttlega um það sem framundan væri á næsta ári.

Eftir góðar umræður var tekið kaffihlé og Georg og Fljótsdalsstöð afhent eintök af nýútkominni bók Helga Hallgrímssonar náttúrufræðings „ Fljótsdælu“ . Georg þakkaði sveitarstjórn gott samstarf þau 10 ár sem hann hefur verið stöðvarstjóri og sveitarstjórn þakkaði honum sömuleiðis og óskaði Sindra til hamingju með nýtt starf.

Fulltrúar LV yfirlög fundinn um kl 16.00 og var þá mætt Anna Bryndís Tryggvadóttir formaður Búnaðarfélags Fljótsdalshrepps.

5. Búnaðarfélag Fljótsdalshrepps.

Til afgreiðslu lágu tvö erindi frá BFF, annars vegar styrkbeiðni til kaupa á útkeyrsluvél (skógarvél) og styrkbeiðni er varðaði áttak sem Bændasamtökin í samvinnu við búnaðarsambönd standa fyrir og lítur að öryggis- og vinnuverndarmálum bænda. Felst í áttakinu að bæir eru heimsóttir og farið yfir öryggismál og vinnuáðstæður með bændum. BFF hefur ekki lokið könnun á áhuga bænda í sveitinni á að taka þátt í verkefninu.

Samþykkt að styrkja Búnaðarfélagið um kaup á útkeyrsluvél um 6. millj kr. þar af 5 millj 2017. 1 millj,kr styrk á yfirstandandi ári verði mætt með lækun eigin fjár og viðauka við fjárhagsáætlun 2016.

Beiðni um styrk vegna öryggisúttektar á býlum er frestað til næsta fundar.

Anna Bryndís fór af fundi kl 16.55 og voru þá mættir fulltrúar 4x4 Austurlandsdeild , Jónas Jónasson, Sigríður Þorvaldsdóttir og Magnús Guðmundsson, ásamt Hallgrími Þórhallssyni sem er tengiliður Fljótsdalshrepps við skálastjórn Fjallaskarðsskála.

6. Fjallaskarð.

Farið yfir ýmis mál er varða rekstur skálans og samning milli aðila. Skipt var um brotinn glugga í skálavarðaherbergi , komið upp lyklaboxi og sáð var fræi (einæru) í kringum skálann, en lítið um aðrar framkvæmdir á árinu. Ferðaklúbburinn er með í vinnslu að koma upp 12 volta lýsingu í skálanum. Rætt var um lekavandamál útidyrhurðar í forstofu og hvort bregðast ætti við vandanum með byggingu forstofu, tvöfaldri hurð eða á annan hátt. Forstofubygging hefur verið gróflega teiknuð og kostnaðarmetin. Ekkert hefur verið gert í endurbyggingu A- skála sem samningur kveður á um að verði endurbyggður, mat manna er að A- skálinn sé afar illa fúinn og nánast, ef ekki alónýtur. Gámur sem hýsir díselstöð hefur verið nýttur sem geymsla. Talsverður varmi myndast í gámnum þegar díselstöðin er í gangi og hefur hann nýst við að þurrka blaut útiföt ferða –og gangnamanna. Geymslupláss í gámnum er þó takmarkað.

Niðurstaðan varð að fallið er frá kröfu um endurbyggingu A- skálans, Ferðaklúbburinn mun , í samráði við Fljótsdalshrepp sjá um að fjarlægja A skálann og farga rusli honum tilheyrandi. Annar gámur verði keyptur og settur upp við hlið þess sem fyrir er. Ferðaklúbburinn mun útvega gám og sjá um uppsetningu hans . Oþnanlegt verði milli gámana og þannig nýttur varmi frá díselvélinni. Þessar framkvæmdir verði á árinu 2017. Síðar meir verði hugað að því hvort rétt sé að byggja ris yfir gámana til útlitsfegrunar.

Sveitarstjórn er sammála um að áætlaður kostnaður við byggingu forstofu við nýja skálann er of mikill og tvöföldun útidyrhurðar betri kostur. Oddvita falið að hafa samband við verktaka, er byggði skálann til að panta hurðasmíði og uppsetningu. Ferðaklúbburinn mun koma smiðum á staðinn og aðstoða við uppsetningu eftir því sem með þarf.

Gestir yfirlit fund kl. 17.55.

7. Bréf

- d) Velferðarráðuneytið , dags. 14.11 2016, drög að leiðbeinandi reglum um sérstakan húsnæðisstuðning. Kynnt.
- e) Mannvirkjastofnun dags. 07.11 2016. Tilkynnt er að stofnunin gerir alvarlegar athugasemdir við að brunavarnaáætlun sveitarfélagsins (Brunavarna Austurlands) liggi ekki fyrir. Gefinn er 3 mánaða frestur til að skila áætlun til Mannvirkjastofnunar. Kynnt. Brunavarnaáætlun Brunavarna Austurlands sem Fljótsdalshreppur er aðili að hefur unnið áætlun og skilað til Mannvirkjastofnunar , en Mannvirkjastofnun ekki fallist á að fullgilda áætlunina. Vonir standa til að fundin verði lausn á málinu.
- f) Forsætisráðuneytið dags. 03.11 2016. Kynnt. Tilkynning um að eignarheimildum á fasteignina Vesturöræfi (þeim hluta sem tilheyrir Fljótsdalshreppi) hefur verið þinglýst , þ.e. sem þjóðlenda í eigu ríkisins.

Samþykkt að breyta röð dagskrárliða og samþykkt að taka til afgreiðslu 4 umhverfisstyrkbeiðnir sem bárust eftir að dagskrá var send út.

8. Umhverfisstyrkir

- a) Jón Þór Þorvarðarson, Glúmsstöðum 1. Samþykktur hámarksstyrkur
- b) Gunnar Jónsson, Egilsstöðum. Samþykktur hámarksstyrkur
Anna Jóna vék af fundi vegna vanhæfi.
- c) Guðmundur Pétursson , Bessastaðagerði. Samþykktur hámarksstyrkur
Anna Jóna kom aftur til fundar
- d) Hörður Guðmundsson, Víðivöllum ytri 1. Samþykktur hámarksstyrkur
- e) Þorsteinn Pétursson. Beiðni hafnað að þessu sinni , en umsækjenda bent á að sækja um að nýju þegar framkvæmdir sem sótt er um styrk til , eru lengra komnar.
- f) Hallgrímur og Anna Skriðuklaustri. Samþykktur hámarksstyrkur

Þar sem teygst hefur úr fundinum umfram áætlaðan fundartíma, var samþykkt tillaga oddvita um að fresta afgreiðslu þeirra liða sem enn eru á dagskrá og halda aukafund sveitarstjórnar 12. des.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.48

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)